



SVAR

Viðtakandi: Stafrænt ráð

Sendandi: Inga Rós Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri gagnþjónustu

Efni: Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um mælaborð uppbyggingar húsnæðis á vefsíðu Reykjavíkurborgar

Á fundi stafræns ráðs 14. desember 2022, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn af fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, sbr. 7. lið fundargerðar ráðsins s.d.:

Þann 10. nóvember sl. var sett í loftið mælaborð uppbyggingar húsnæðis á vefsíðu Reykjavíkurborgar. Nú hefur Húsnæðis og mannvirkjastofnun sett í loftið sitt mælaborð sem er rauntímauppbygging á húsnæði á landinu öllu. Nú stemma ekki tölurnar á mælaborði Reykjavíkurborgar við tölurnar í mælaborði Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. Byggja tölurnar sem eru á mælaborði Reykjavíkurborgar ekki á mannvirkjaskrá HMS? Er einhver tenging á milli gagnagrunns HMS við mælaborð Reykjavíkurborgar? Hver er útskýringin á því að þessi mælaborð stemma ekki? Afhverju var tekin ákvörðun um að ráðast í kostnað við að búa til sitt eigið mælaborð samhliða þeirri miklu þróun sem að HMS hefur verið í um sama mál?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar þjónustu- og nýsköpunarsviðs með bréfi dagsettu þann 12. janúar 2023.

Svar:

Teymi atvinnu- og borgarþróunar á skrifstofu borgarritara og borgarstjóra óskaði eftir að gagnþjónustan útbyggji gagnvirka kortalausn sem sýnir yfirlit yfir húsnæðisuppbyggingu borgarinnar. Kortalausninni var ætlað að veita innsýn í innleiðingu húsnæðisáætlunar borgarinnar og sýna hversu mikið er byggt á vegum húsnæðisfélaga. Gögnin koma frá Landupplýsingakerfi Reykjavíkur, en lausnin setur fram með myndrænum hætti stöðu á flóknum upplýsingum.

Byggja tölurnar sem eru á mælaborði Reykjavíkurborgar ekki á mannvirkjaskrá HMS?

Fjöldi íbúða í byggingu er einn mælikvarði sem er tilgreindur í kortalausninni og byggir hún á upplýsingum frá byggingarfulltrúa. Mannvirkjaskrá HMS sýnir þessa tölfræði líka og byggir sömuleiðis á gögnum frá byggingarfulltrúa Reykjavíkurborgar.

Er einhver tenging á milli gagnagrunns HMS við mælaborð Reykjavíkurborgar?

Það er ekki sjálfvirkt tenging á milli þessara grunna. Þeir byggja þó báðir á upplýsingum frá byggingarfulltrúa Reykjavíkur.



Hver er útskýringin á því að þessi mælaborð stemma ekki?

Munurinn á þessum tölum felst í afhendingarmáta gagna frá byggingarfulltrúa inn í kerfin. Þau eru handslegin inn hjá Reykjavíkurborg í tengslum við gerð ársfjórðungsskýrslu húsnæðisáætlunar en mannvirkjaskrá uppfærist sjálfkrafa þegar ákveðin gögn hafa verið yfirfarin og afhent rafrænt frá byggingarfulltrúa. Sjálfvirk afhending gagna frá byggingarfulltrúa inn í mannvirkjaskrá er ekki komin í fullan rekstur en Reykjavíkurborg og HMS eru að vinna að því að stytta þann tíma sem tekur gögnin að birtast í Mannvirkjaskrá.

HMS, og þar áður Samtök iðnaðarins, hafa reglulega talið íbúðir í byggingu með því að aka um borgina. Sú talning, sem síðast var unnin haustið 2022, stemmir við gögn Reykjavíkurborgar eins og þau birtast á vefsvæðinu húsnæðisuppbygging.is. Mannvirkjaskrá stemmir því ekki við talningu HMS, en húsnæðisvefur borgarinnar stemmir við talninguna.

Afhverju var tekin ákvörðun um að ráðast í kostnað við að búa til sitt eigið mælaborð samhliða þeirri miklu þróun sem að HMS hefur verið í um sama mál?

Mannvirkjaskrá telur einungis fjölda íbúða í byggingu eftir sveitafélögum. Gagnvirk kortalausn Reykjavíkurborgar um húsnæðisuppbyggingu tilgreinir verkefni sem húsnæðisfélög byggja, verkefni í skipulagsferli og þróunarverkefni framtíðar. Þannig birtir gagnvirka kortalausnin mun meiri upplýsingar en mannvirkjaskrá og eru þær upplýsingar nauðsynlegar til að sjá stöðu á innleiðingu húsnæðisáætlunar borgarinnar.

F.h. Þjónustu- og nýsköpunarsviðs,

Inga Rós Gunnarsdóttir,
skrifstofustjóri gagnþjónustu